

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Prastarhólar 6-10.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 16. janúar 2019, breytingu á skilmálum deiliskipulags Breiðholts-3, norðurdeild, vegna lóðarinnar nr. 6-10 við Prastarhóla. Í breytingunni felst að breyta sameiginlegu þjónustuherbergi í húsi nr. 6 í sjálfstæða íbúð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hávallagata 9.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 1. febrúar 2019, breytingu á deiliskipulagi Hólatorgsreits vegna lóðarinnar nr. 9 við Hávallagötu. Í breytingunni felst stækkun húss. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Áland 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 1. febrúar 2019, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Áland. Í breytingunni felst að breyta þakformi viðbyggingar úr sama formi á núverandi húsi yfir í flatt viðsnúið þak með þaksvölum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 6. febrúar 2019.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2019